

## Aukafundur fulltrúaráðs STEFs 17. desember 2020

### Fundargerð

Fimmtudaginn 17. desember 2020 var haldinn fulltrúaráðsfundur hjá STEFi. Fundurinn sem haldinn var sem fjarfundur og hófst kl. 17:00. Til hans var boðað í samræmi við samþykktir STEFs með fundarboði sem sent var út með tölvupósti þann 2. desember 2020.

Mættir voru: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Sigurður Flosason, Bragi Valdimar Skúlason, Páll R. Pálsson, Snorri Helgason, Jakob Frímann Magnússon, Gunnar Andreas Kristinsson, Óttarr Proppé, Hafdís Bjarnadóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Úlfar Ingi Haraldsson, Hallur Ingólfsson, Pétur S. Jónsson, Teitur Atlason, Hera Björk Þórhallsdóttir og Þórunn Gréta Sigurðardóttir. Að auki sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri.

Formaður fulltrúaráðs, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson setti fundinn, gerði grein fyrir fundarboðun og stýrði fundi. Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri.

Gengið var til boðaðarar dagskrár.

1. Eiður Arnarsson flutti fræðsluerindið „Streymisveitur - gildi þess að smella á Play“. Í erindinu gerði hann m.a. grein fyrir áætluðum greiðslum til rétthafa fyrir streymi, áhrifum mismunandi úthlutunaraðferða, mismunandi verðlagningar áskrifta eftir svæðum sem og því svindli sem viðgengst á streymisveitum.
2. Yfirlit yfir úthlutanir STEFs á árinu 2020.

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri, gerði stuttlega grein fyrir helstu lykiltölum í úthlutunum ársins 2019.

YFIRLIT ÚTHLUTANA	2020	2019	BREYTING
<b>Aðalúthlutun (miðsumars &amp; desember):</b>			
Útvarp & sjónvarp (þar af 30m miðsumars)	170.744.951	158.673.255	7,61%
Annað innlent (þar af 18m IHM)	60.085.049	65.251.745	-7,92%
Samtals:	230.830.000	223.925.000	3,08%
<b>Aðrar úthlutanir ársins:</b>			
Tónleikar (2 úthlutanir)	19.700.146	30.017.753	-34,37%
Erlendar tekjur (4 úthlutanir)	118.378.925	96.478.514	22,70%
NCB/NMP: Útg. & tónlistarveitur (4 úthlutanir)	27.129.599	37.079.701	-26,83%
Leiðréttingar e. aðalúthlutun	14.553.144	301.285	4730,36%
Innspyting í Ferðasjóð skv. ákv. stjórnar	0	15.000.000	
Samtals:	179.761.814	178.877.253	0,49%
Alls úthlutað til innlendra rétthafa:	410.591.814	402.802.253	1,93%

Fjöldi verka með flutningspunkta	12.264	12.692	-3,37%
Fjöldi rétthafa með greiðslu *	3.747	2.075	80,58%
Fjöldi rétthafa í bið *	1.292	2.870	-54,98%
Fjöldi verka á skrá	96.313	90.553	6,36%
Fjöldi rétthafa með umboð	5.288	5.038	4,96%
Fjöldi höfunda á skrá	7.916		
Nýir skráðir höfundar á árinu	417	302	38,08%


\* Ath. úthlutunarlágmark breyttist á árinu, fór úr 3.000 í 1.000

STYRKIR Á ÁRINU - SAMANTEKT	2020	2019	BREYTING
Ferðasjóður	1.490.000	2.900.000	-48,62%
Upptökusjóður	13.725.000	9.200.000	49,18%
Nótnasjóður	8.150.000	7.090.000	14,95%
Tónskáldasjóður Bylgjunnar & Stöðvar 2	7.300.000	6.000.000	21,67%
Samtals:	30.665.000	25.190.000	21,73%

## ÞRÓUN ÚTHLUTANA UNDAFARIN ÁR

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Breyting frá 2014
Heildarúthlutun	405.494.291	413.789.575	431.849.139	434.726.787	552.343.995	584.814.450	595.432.017	46,84%
Til innlendra	270.557.927	289.251.742	293.675.453	297.314.923	381.366.698	402.802.254	410.591.814	51,76%
Til erlendra	134.936.364	124.537.833	142.252.034	137.411.864	170.977.297	182.012.196	184.840.203	36,98%

Vísitöluhækkun frá nóv. 2014 til nóv. 2020: 16,2%



Undir þessum lið spurði Jakob Frímánn sérstaklega um úthlutanir vegna eintakagerðar til einkanota frá IHM, sem framkvæmdastjóri útskýrði.

### 3. Umræður um stöðu tónlistargeirans vegna áhrifa COVID-19

Bragi Valdimar Skúlason, stjórnarformaður STEFs, greindi frá erfiðri stöðu tónlistarfólks. Í því sambandi ræddi hann sérstaklega um hversu langan tíma það hefur tekið að setja af stað tekjufallsstyrki til tónlistarmanna, en alllangt er síðan Alþingi samþykkti lög um slíka styrki.

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri gerði í framhaldinu grein fyrir áætluðu tekjufalli STEFs á árinu 2020 vegna áhrifa COVID-19, sbr. töfluna hér að neðan.

	Rauntekjur 2019	Tekjuáætl 2020	Áætl. raunt. 2020	Lækkun tekna
<b>Tónlist í útvarpi og sjónvarpi</b>	309.000.000	324.000.000	280.000.000	29.000.000
<b>Bakgrunnstónlist</b>	188.000.000	197.000.000	150.000.000	38.000.000
<b>Tónleikar og dansleikir</b>	92.000.000	97.000.000	20.000.000	72.000.000
<b>Erlendar tekjur</b>	101.000.000	120.000.000	90.000.000	11.000.000
	<b>690.000.000</b>	<b>738.000.000</b>	<b>540.000.000</b>	<b>150.000.000</b>
<b>Tekjur SFH</b>	<b>113.000.000</b>	<b>118.000.000</b>	<b>90.000.000</b>	<b>23.000.000</b>
<b>Samtals STEF og SFH</b>	<b>803.000.000</b>	<b>856.000.000</b>	<b>641.000.000</b>	<b>173.000.000</b>

#### 4. Önnur mál

Jakob Frímánn gerði grein fyrir stofnun vinnuhóps um *Tónlistarmiðstöð* og óskaði hann eftir ábendingum um þá starfsemi sem eðlilegt væri að ætti heima innan slíkrar miðstöðvar. Jakob ræddi einnig um stöðuna innan IHM, þar sem flytjendur og framleiðendur eru að fara fram á stærri hlut í úthlutunum, en þessir hópar hafa hingað til fengið, á kostnað höfunda.

Framkvæmdastjóri þakkaði starfsfólki STEFs fyrir vel unnin störf á árinu í sérlega krefjandi árferði, en t.d. hefur farið mikil orka í að ræða við viðskiptavinum STEFs sem eru að loka starfsemi sinni tímabundið.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Formaður fulltrúaráðs sleit fundi kl. 18:30.